

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun  
vefsins Icelandic Online fyrir börn. Flutt í Vigdísarstofu í Veröld  
þriðjudaginn 18. apríl 2023 kl. 13.00**

Góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð við þessa athöfn sem haldin er í tilefni af opnun nýs vefjar Icelandic Online fyrir börn.

Háskóli Íslands hefur frá stofnun árið 1911 ekki aðeins sinnt hefðbundnum hlutverkum háskóla, kennslu og rannsóknum, heldur hefur allt hans starf jafnframt verið í þágu íslensks samfélags og atvinnulífs. Mikilvægur hluti af samfélagslegu hlutverki skólans er að afla, varðveita og miðla þekkingu á sviði íslenskrar sögu, menningar og tungu. Eftir því sem alþjóðleg samskipti hafa aukist hefur mikilvægi íslenskukennslu fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli aukist og hefur kennsluvefurinn *Icelandic Online* verið afar mikilvægur þáttur í því starfi í meira en tvo áratugi, en vefnum var fyrst hleypt af stökkunum árið 2000. Háskóli Íslands hefur stutt þróun *Icelandic Online* frá upphafi og eru námskeiðin nú hýst hjá Tungumálamiðstöð HÍ.

Vefurinn *Icelandic Online* býður nú upp á sjö opin, gagnvirk og sjálfstýrð námskeið í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna sem byggja á viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Námskeiðin sem falla undir svið tölvustudds tungumálanáms og -kennslu, svokölluð Language Moocs, eða LMOOCS, voru þróuð hjá Háskóla Íslands og opnuð á árunum 2004-2013.

Námskeiðin hafa frá upphafi verið notuð í kennslu við Háskóla Íslands og hafa samtals um 260.000 manns nýtt sér þau og hefur aðsóknin verið stöðug allan starfstímann.

Vefnum hafa hlotnast fjölmargar verðskuldaðar viðurkenningar og má því sambandi nefna Hagnýtingarverðlaun Háskólans og sérstaka viðurkenningu á Degi íslenskrar tungu. Birna Arnbjörnsdóttir prófessor emerita hefur stýrt verkefninu frá upphafi og vil ég nota tækifærið til að færa henni miklar þakkir fyrir frábært starf.

*Icelandic Online* notar innbyggt rakningarkerfi sem notað er til að rannsaka eðli netnáms og hafa niðurstöður verið kynntar í helstu tímaritum heims á sviði LMOOCS. En þótt þessi tækni sé áhugaverð, er það kennslufræðin sem hefur vakið mesta athygli. Rannsóknir Kolbrúnar Friðriksdóttur, lektors, beinast að hegðun og viðhorfum málnefna til fjarnáms á netinu, m.a. brottfalls sem hefur mælst mjög hátt í opnum alþjóðlegum netnámskeiðum. Niðurstöður Kolbrúnar á notkun *Icelandic Online* benda til þess að þorri nemenda, aðrir en þeir sem hætta strax í byrjun og í blálokin, sinna náminu og gefur þessi vitneskja tilefni til að kalla eftir nýjum viðmiðum í mati á brottfalli í MOOC netnámskeiðum. Jafnframt má segja að rannsóknarniðurstöður Kolbrúnar séu fyrsti vísir að nokkurs konar gátlista yfir hvaða efni og aðferðafræði virkar í þróun LMOOCS netnámskeiða.

Góðir gestir. Við fögnum í dag viðbót við þessa glæsilega sögu, þ.e., *Icelandic Online fyrir börn* og verður sá hluti, eins og fyrri námskeiðin, hýstur hjá Tungumálamiðstöð HÍ sem hluti af þjónustu Háskólans við íslenskt samfélag. Þetta er afar mikilvægt skref og ég segi því

Til hamingju með daginn.